

## AUGLÝSING

um varnir gegn hringskyrfti á nautgripum í Eyjafirði.

### 1. gr.

Vegna hættu á útbreiðslu hringskyrftis, sem orðið hefur vart á nokkrum bæjum í Hrafnagilshreppi og Grýtubakkahreppi í Eyjafirði, er óheimilt að afhenda eða selja til lífs nautgripi frá öllum býlum í áðurnefndum hreppum nema að fengnu leyfi viðkomandi héraðsdýralæknis.

Sama máli gegnir um sölu á nautgripum úr öllum sveitum við Eyjafjörð til annarra landshluta.

Bannað er að safna saman nautgripum frá bæjum í þessu héraði vegna sýninga og þess háttar.

### 2. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum, sem renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum um dýralækna nr. 124 22. desember 1947 og lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, sbr. lög nr. 16 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 18. marz 1968.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

1. apríl 1968.

Nr. 89.

## AUGLÝSING

um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Bann við innflutningi frá Bretlandi á lifandi jurtum, trjám, trjágreinum og könglum svo og hvers konar grænmeti og jarðávöxtum, sem ákveðið var með auglýsingu Landbúnaðarráðuneytisins, dags. 4. nóvember 1967, er úr gildi fellt. Að öðru leyti heldur auglýsingin gildi sínu.

Enn fremur er með auglýsingu þessari felld úr gildi auglýsing frá 22. nóvember 1967, þar sem bannaður var innflutningur á fóðurvörum frá Bretlandi og einnig var lagt bann við því, að nota matarleifar til gripafóðurs.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. apríl 1968.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*